

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir
Nemendasjóð Menntaskólans á Akureyri 1972

1. grein

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Menntaskólans á Akureyri og er arftaki Nemendasjóðs Möðruvallaskóla, sem stofnaður var á Möðruvöllum í Hörgárdal á sumardaginn fyrsta 1890.

2. grein

Sjóðurinn er ætlaður til styrktar reglulegum nemendum Menntaskólans á Akureyri.

3. grein

Sjóðurinn skal vera í vörslu skólameistara og fer með hann eftir sömu almennum reglum og um aðra sjóði í vörslu skólans.

4. grein

Stjórn sjóðsins skipa átta menn. Skólameistari er sjálfkjörinn en auk hans eru í stjórn tveir kennarar, valdir af kennarafundi og fimm nemendur hinir sömu og sitja í hagsmunaráði nemenda (nemendaráðið) sbr. 23ju grein laga um menntaskóla nr. 12/1970).

5. grein

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en hann er höfuðstóll sjóðsins þegar skipulagsskrá þessi er sett, kr. 1.251.187.90 - einmilljóntvö hundruðfimmtíuogeittþúsund eitthundrað áttatíuogsjökrónurogníutíuaurar - svo og gjafir og skuldbindingagjöld, er sjóðnum berast, sem leggst óskert í sjóðinn ásamt þeim hluta árstekna, sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni (sbr. 9. grein).

6. grein

Allir kennarar og nemendur skólans greiði árstíllag til sjóðsins, er sjóðstjórn ákveður hverju sinni.

7. grein

Sjóðnum heyrir til skuldbindingabók, sem nemendum gefst kostur á að skrá í loforð um tillög til sjóðsins eftir brottför sína úr skólanum. Skal skólameistari sjá um, að efstu bekkingar skólans fái ár hvert tækifæri, til að skrá sig í bókina ásamt skuldbindingagjöldum sínum.

8. grein

Gjalddagi árgjalda sjóðsins skal vera fyrsti vetrardagur. Reikninga sjóðsins skal birta í Skýrslu um Menntaskólann á Akureyri.

9. grein

Úthlutun úr sjóðnum fer fram í maímánuði ár hvert. Ákveður stjórn sjóðsins hverju sinni, hve miklum hluta vaxta og árstíllaga skuli úthlutað. Þó skal aldrei minna en helmingur árstíllaga leggjast við höfuðstólinn.

10. grein

Með skipulagsskrá þessari er Stofnunarскrá Nemendasjóðs Möðruvallaskóla úr gildi felld, svo og allar aðrar samþykktir um meðferð sjóðsins.

11. grein

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.